

| Vélskelflétt rækja: | Ísl. kr. á kg Cif. |
|--|--------------------|
| Blokkfryst | 2 041.00 |
| 5 × 2 kg og 4 × 2.5 kg vatnshúðuð, sérfryst | 2 041.00 |
| 5 × 2 kg og 4 × 2.5 kg óvatnshúðuð, sérfryst | 2 150.00 |
| 500 gr. vatnshúðuð, sérfryst | 2 381.00 |
| 200 gr. vatnshúðuð, sérfryst | 2 488.00 |

Verðbil verður 4%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. október 1978.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

2. október 1978.

Nr. 372.

A U G L Ý S I N G

um tryggingarfé ferðaskrifstofa.

Með heimild í 18. gr. laga nr. 60 31. maí 1976, um skipulag ferðamála, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 266 24. júlí 1978, um almennar ferðaskrifstofur, hefur ráðuneytið ákveðið að trygging sú, sem setja verður vegna reksturs ferðaskrifstofu skuli eigi vera lægri en 15.0 milljónir króna, frá og með deginum í dag að telja.

Handhöfum gildandi ferðaskrifstofuleyfa er þó veittur frestur til 1. nóvember n. k. til að auka tryggingarfé sitt.

Samgönguráðuneytið, 2. október 1978.

Ragnar Arnalds.

Ólafur S. Valdimarsson.

2. október 1978.

Nr. 373.

A U G L Ý S I N G

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpuðiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpuðiski fyrir framleiðslutímabilið 1. október til 31. desember 1978:

| | Ísl. kr. á lb. Cif. |
|--------------------------------|---------------------|
| Lausfrystur hörpuðiskur | 614.20 |
| Blokkfrystur hörpuðiskur | 583.50 |
| Rauður hörpuðiskur | 460.65 |

Verðbil verður 5%.